


Fundur Foreldraráðs Verslunarskólans


Dagsetning: Miðvikudagur 6.mai 2020

Fundur settur kl. 17:00


Mættir: Rannveig, Jóhanna, Agnes, Steinunn Jenný, Kristín, Tinna, María Kristín og Dagný


Það sem rætt var:


 Jóhanna gjaldkeri fór yfir fjármál foreldrafélgsins. Ljóst er að umtalsvert hærri upphæð er inni á reikningnum núna en verið hefur undanfarin vor. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að vorfundur foreldrafélagsins féll niður vegna samkomubanns og svo voru heimtur góðar á greiðsluseðlum. Rætt var að eiga ca. 500.000 kr. við upphaf næsta skólaárs.


 Lagðar voru eftirfarandi tillögur um ráðstöfun hluta peninganna:

- 300.000 kr. styrkur til NFVÍ – staða ekki góð hjá NFVÍ en þau misstu af tekjum af balli vegna samkomubanns, sem og áætla má að heimtur á auglýsingatekjum vegna Versló-blaðsins verði ekki eins miklar og lagt var upp með við vinnslu blaðsins.
Fundarkonur samþykktu allar.
- 350.000 kr. ca. til nemenda VÍ í formi fótboltaspils (ca. 240.000 kr.) taflborð (ca. 50.000 kr) borðtennispaðar og -boltar (ca. 50.000 kr.)
Óskað verður eftir tilboði í þessa hluti frá PingPong.is
Fundarkonur samþykktu allar.
- 100.000 kr. ca. í glaðning til kennara í formi trúbadors, matar eða annars sem nýst gæti á vorhátíð/lokaslútti starfsmanna VÍ, allt nema marsípanköku með skrautskrift á. Þakklætisvottur FFVÍ vegna þeirra aðstæðna sem þeir voru settir í við kennslu á þessum fordæmalausum tímum.
Fundarkonur samþykktu allar.
- 100.000 kr. Útskriftarnemendur. Fundarkonur ræddu aðstæður útskriftarnema þetta vorið. Þeir missa af dimmisjón, Galaballi frestað eða aflýst og ekki verður hefðbundin útskrift þar sem allir koma saman vegna samkomubannsins. Kom sú tillaga að leita til GunnIngu vegna þessa hóps, hvort FFVÍ gæti eitthvað stutt við þennan hóp, með til dæmis styrk að hámarki 100.000 kr. upp í salaleigu vegna Galaballs ef að verður. Erindi hefur verið sent á GunnIngu. Fundarkonur samþykktu allar.

 Greiðsluseðlar FFVÍ næsta haust. Stefnt er að því að greiðsluseðlar til foreldra verði sendir út fljótlega eftir að skóli hefst í ágúst/september. Gjaldupphæð óbreytt.

 Haustfundur. Aðalfundur, fræðsla og léttleiki. Ákveðið var að hafa haustfund foreldrafélagsins 5. – 9. október. Annaðhvort þriðju- eða miðvikudag 6. eða 7. október. Nánar ákveðið eftir samráð við GunnIngu um hvenær salurinn er laus.

 Samþykkt var að setja skjöld á þær gjafir sem að FFVÍ gefur skólanum, merkt sem: *Gjöf frá Foreldrafélagi Verslunarskólans*

 Næsti fundur áætlaður í lok ágúst, byrjun september 2020.

Fundi slitið kl.18:15